



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. nóvember 2018

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um frumvarp til laga um fjárlög 2019, þingskjal 1 -1. mál.

Öryrkjabandalag Íslands sendir hér með umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2019 þrátt fyrir að fá aldrei umsagnarbeiðni þar um, sem vekur talsverða furðu okkar. Fjárlögin skipta gríðarlegu máli fyrir fatlað fólk enda koma þau meira eða minna inn á alla málaflokka sem varða þennan fjölbreytta hóp fólks. Eftir fullgildingu SRFF eru íslensk stjórnvöld skuldbundin til að vinna lög sem þessi í samráði við fatlað fólk.

Fjárlögin valda enn vonbrigðum. Allir málaflokkar sem varða fatlað fólk og örorkulífeyrisþega eru sveltir, og þrátt fyrir að stjórnvöld tali fjálglega um kaupmáttaraukningu öryrkja og að verulegu fjármagni hafi verið bætt við málaflokka fatlaðs fólks og öryrkja þá vantar enn stórlega mikið upp á til að fólk geti lifað með reisu í íslensku samfélagi. Afar brýnt er að litið verði sérstaklega til mannréttinda þessa hóps. Íslenska ríkinu ber að tryggja samfélag án mismununar, samfélag þar sem fatlað og langveikt fólk á rétt til lífs til jafns við aðra. Til þess að svo megi verða þarf að gera ráð fyrir verulegri aukningu fjármagns inn í alla málaflokka er varða fatlað fólk.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks SRFF, sem var fullgiltur haustið 2016, er leiðarljós í allri vinnu Öryrkjabandalagsins. Lagt er til að fjármagn fari sérstaklega til að innleiða sáttmálann í íslenskan rétt. Fjármagn verði tryggt til fjölgunar (NPA) samningum.

Einnig er lagt til að lífeyrir almannatrygginga verði hækkaður verulega og að unnið skuli að því að heilbrigðisþjónusta verði gjaldfrjál.

Ennfremur eru lagðar til breytingar á frumvarpinu, m.a. varðandi almannatryggingar, skattamál, menntamál, atvinnumál, jafnréttismál og mannréttindamál fatlaðs fólks, svo nokkur dæmi séu nefnd. Ítarlega er farið yfir álit og tillögur ÖBÍ í eftirfarandi umsögn.

Kaflaheiti í umsögninni samsvara kaflaheitum frumvarpsins.

Efnisyfirlit

4 UTANRÍKISMÁL	4
4.4 Þróunarsamvinna	4
Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF)	4
Tillaga um breytingu:	4
20 FRAMHALDSSKÓLASTIG	4
20.1 Framhaldsskólar	4
Tillaga um breytingu:	4
22 ÖNNUR SKÓLASTIG OG STJÓRNSÝSLA MENNTA- OG MENN.MÁLA	5
Menntun	5
22.10 Leikskóla- og grunnskólastig	5
Tillögur að breytingum:	6
22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig	6
Tillögur að breytingum:	7
24 HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA UTAN SJÚKRAHÚSA	7
24.1 Heilsugæsla	7
Sálfræðiþjónusta og geðheilbrigðismál	7
Tillögur að breytingum:	8
24.2 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun	8
Greiðsluþátttaka í heilbrigðisþjónustu	8
Tillögur að breytingum:	8
Tannlækningar	8
Tillögur að breytingum:	9
24.3 Sjúkrþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun	9
Tillögur að breytingum:	10
26 LYF OG LÆKNINGAVÖRUR	10
26.1 Lyf	10
Tillögur að breytingum:	10
26.3 Hjálpartæki	11
Tillögur að breytingum:	11
27. ÖRORKA OG MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS	12
Tillaga um breytingu:	12

27.1 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir	12
Óskertur lífeyri almannatrygginga hækki verulega	14
Hækkun krónutöluskatta- og gjalda	16
Kaupmáttarþróun	16
Víðtæk krafa og samstaða um afnám krónu á móti krónu skerðingar	18
Tillaga um breytingu:	19
Frítekjumörk	19
Tillaga um breytingu:	20
27.20 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka	20
Reglugerðarákvæði kemur í veg fyrir að öllum lífeyrisþegum sé tryggð lágmarksfjárhæð til framfærslu	20
Tillaga um breytingu:	21
Viðmið fyrir uppbætur á lífeyri	21
Tillaga um breytingu:	22
Desember- og orlofsuppbætur	22
Tillögur að breytingum:	23
Skattleysi uppbóta á lífeyri	23
27.3 Málefni fatlaðs fólks	24
Sveitarfélög og byggðamál - Sjálfstætt líf	24
Tillaga um breytingu:	24
Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF)	24
Tillaga um breytingu:	24
Valfrjáls viðauki við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks	25
Tillögur að breytingum:	25
27.5 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	25
Víxlverkunin milli örorkugreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða	25
Tillaga um breytingu:	26
30 VINNUMARKAÐUR OG ATVINNULEYSI	26
30.1 Vinnumál og atvinnuleysi	26
Tillögur að breytingum:	27
31 HÚSNÆÐISSTUÐNINGUR	27
31.1 Húsnæðisstuðningur	27
Húsnæðisbætur	27
Tillaga um breytingu:	28
LOKAORÐ	29
SAMANTEKT Á TILLÖGUM ÖBÍ TIL BREYTINGA Á FJÁRLÖGUM 2019	30
FYLGISKJAL 1.	33

4 Utanríkismál

4.4 Þróunarsamvinna

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF)

Þrátt fyrir fullgildingu Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) er ekki að sjá að tekið hafi verið tillit til 32. gr. SRFF sem segir að alþjóðlegt samstarf, einnig alþjóðlegar þróunaráætlanir, skuli ná til fatlaðs fólks.

Tillaga um breytingu:

- Nægilegu fjármagni verði veitt til Þróunarsamvinnustofnunar svo markmið SRFF verði höfð að leiðarljósi í þeirri þróunarsamvinnu sem Ísland er aðili að.

20 Framhaldsskólastig

20.1 Framhaldsskólar

Nauðsynlegt er að auka menntunarmöguleika fatlaðs fólks með það að leiðarljósi að allir hafi jöfn tækifæri til náms sem hæfi áhugasviði hvers og eins. Slíkt eykur möguleika á fjölbreyttari atvinnu og samfélagslegri þátttöku. Athygli vekur að lögð er áhersla á að nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma en það getur reynst nemendum með sérþarfir erfitt. Ekki er að sjá að framlag til sérkennslu og stuðnings sé aukið til að koma til móts auknar kröfur í þessa veru. Einnig er gert ráð fyrir að framlag fyrir hvern ársnemanda í framhaldskólum hækki en með því minnkar í raun fjárveiting fyrir hvern nemanda sem vegna fötlunar eða sérþarfa getur ekki lokið þeim einingum sem þarf til að flokkast sem ársnemandi.

Tillaga um breytingu:

- Fjármagn í stoðþjónustu nemenda verði aukið, framboð í námsgögnum verði bætt auk þess að ábyrgjast kennslu við hæfi með það að leiðarljósi að tryggja jafnt aðgengi að námi og jafnrétti til náms.

22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menn.mála

Menntun

Menntun er mikilvæg fyrir alla, ekki síst fatlað fólk. Í nútímasamfélagi eiga allir að hafa jafnan rétt og aðgang að námi. Því ber stjórnvöldum og menntastofnunum að greiða leið fólks að menntun, hvort sem um er að ræða námsefni og aðstoð við hæfi eða aðgengi að upplýsingum og byggingum.

Bundið er í lög að nemendur með sérþarfir hafi jöfn tækifæri og jafnan rétt til náms og njóti til þess viðeigandi stuðnings. Jafnframt eru íslensk stjórnvöld skuldbundin til þess að veita og tryggja sömu þjónustu og réttindi skv. alþjóðasamningum, sbr. 24. gr. SRFF. Framboð til náms fyrir fatlaða nemendur og nemendur með sérþarfir á efri skólastigum hefur verið takmarkað og þá hefur aðgengi þeirra að námi og sértækum úrræðum verið af skornum skammti. Samkvæmt stjórnarsáttmálanum boðar ríkisstjórnin til stórsóknar í menntamálum með hagsmuni nemenda og þjóðarinnar allrar að leiðarljósi en ekki er að sjá að fjármagn fylgi þeim fyrirheitum.

22.10 Leikskóla- og grunnskólastig

Núverandi löggjöf og stefnumótun fræðslufirvalda felur í sér stuðning við markmið og áherslur skólakerfis án aðgreiningar og eru í samræmi við alþjóðlega sáttmála og samninga sem Íslendingar hafa undirgengist. Dæmi eru um að að fötluð börn og börn með sérþarfir fái ekki viðeigandi stuðning í námi. Því er það fagnaðarefni að í frumvarpinu sé lögð áherslu á að auka gæði menntunar og efla gerð og útgáfu námsgagna. Aðgerðir í þá átt eru úttektir á gæðum menntunar m.a. á framkvæmd menntunar án aðgreiningar, námi nemenda með táknmál að móðurmáli og nemenda með alvarlega geðræna-, hegðunar- eða félagslega erfiðleika. Einnig á skv. aðgerðaráætluninni að skima fyrir brotthvarfi nemenda á unglíngastigi.

Gleðilegt er að auka eigi úrval námsgagna fyrir nemendur sem nota táknmál í samvinnu við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH).

Ríkið styður þróunarstarf í gegnum Þróunarsjóð námsgagna og er það miður að forgangsatríði í úthlutun hafa aldrei snúið að þróun námsgagna fyrir fatlaða nemendur eða nemendur með sérþarfir.

Einnig stendur til að móta nýja menntastefnu til ársins 2030 í viðtæku samráði og er hér með minnt á samráðsskyldu við hagsmunafélög fatlaðs fólks.

Tillögur að breytingum:

Þrátt fyrir að blásið sé til stórsóknar í menntamálum í stjórnarsáttmálanum er ekki að sjá að fjármagn fylgi fögrum fyrirheitum. Sú staðreynd að heildarfjármagn í málaflöknum lækkar frá gildandi fjárlögum ber ekki með sér mikla von um efndir.

- Yfirvöld auki fjármagn verulega í þennan málaflökk til að tryggja að fatlaðir nemendur og nemendur með sérþarfir fái kennslu, stuðning og námsefni við hæfi og geti náð árangri í námi í umhverfi án nokkurrar aðgreiningar.

Það er mikið áhyggjuefni að skv. áætlun standi til að lækka framlag til SHH umtalsvert á komandi árum.

- Framlag til SHH verði aukið til muna til að hægt sé í raun að efla og þróa útgáfu námsefnis og veita nemendum sem nota táknmál þá menntun sem þeir eiga lögum samkvæmt rétt á.

22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig

Afar mikilvægt er að efla framhaldsfræðslu og auka tækifæri fatlaðs fólks til að afla sér viðurkenndrar menntunar. Ljóst er að stór hópur þeirra sem útskrifast af starfsbrautum framhaldsskólanna fær ekki tækifæri til að sækja sér aukna menntun. Of fá úrræði eru í boði og dregið hefur úr framboði. Því er gleðilegt að kortleggja eigi menntun og námstækifæri fatlaðs fólks og er minnt á samráðsskyldu yfirvalda við hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Undir þennan lið eru framlög til SHH sem starfar skv. lögum nr. 129/1990 og til Fjölmenntar sem þjónar fullorðnu fötluðu fólki á grundvelli samnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Ítrekað hefur verið bent á nauðsyn þess að félagslegur túlkunarsjóður hljóti aukin fjárframlög en slíkt varðar grundvallarmannréttindi þeirra

sem nota félagslegan túlkunarsjóð og rittúlkun svo þeir geti lifað og starfað í samfélaginu til jafns við aðra. Í þessu samhengi má benda á mikilvægi 9. gr., 21. gr. og 24. gr. SRFF sem fjalla um aðgengi í víðu samhengi, réttinn til tjáningar og skoðanafrelsis og aðgengi að upplýsingum og réttinn til menntunar.

Tillögur að breytingum:

- Framlag til SHH verði aukið verulega svo tryggt sé að allir sem þess þurfi fái félagslega túlkun og rittúlkun og geti lifað sjálfstæðu lífi og eflt samfélagsþátttöku sína.
- Fjármagn verði aukið verulega til Fjölmennatar til að stuðla að auknum og fjölbreyttari námsúrræðum fatlaðs fólks.

24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa

24.1 Heilsugæsla

Sálfræðiþjónusta og geðheilbrigðismál

Sálfræðiþjónusta er sjúkratryggðum einstaklingum afar dýr í dag, enda ekki niðurgreidd af ríkissjóði. Afar margir neita sér því um sálfræðiþjónustu við t.d. kvíða, depurð, þunglyndi, svefnleysi eða öðrum röskunum sem hafa áhrif á fjölskyldur viðkomandi og þar með margföldunaráhrif vandans. Afleiðing þess getur verið alvarlegri heilsufarsvandi en ella. Sálfræðimeðferð sem fyrsta íhlutun dregur úr innlögnum á sjúkrahús og getur dregið úr lyfjanotkun. Þá er hún nauðsynleg í samhengi úrræða margra hópa, t.d. í meðferð við vefjagigt. Fleiri gætu haldið starfsgetu sinni og virkni.

Ekki er hægt að greina í áætluninni hversu há upphæð muni renna til sálfræðiþjónustu. Hins vegar er ljóst að ansi mikið verk er að vinna til að áætlanir stjórnvalda í geðheilbrigðismálum haldi áætlun. Aðgengi að sálfræðingum á heilsugæslustöðvum um land allt er enn mjög lítið og leggja þarf áherslu á að sálfræðingar séu starfandi í skólum og fangelsum. Bæta þarf stórlega geðheilbrigðisþjónustu við einstaka hópa, s.s. fanga, fólk með þroskahömlun og aldraða. Þá þarf að semja heildaráætlun í málefnum barna með geð- og þroskaraskanir og tryggja samfellu í þjónustu og þverfaglegu samstarfi, en staða þessa hóps er afar viðkvæm.

Tillögur að breytingum:

- Sálfræðipjónusta verði felld undir þak greiðslupátttöku í heilbrigðisþjónustu.
- Fjármagn verði tryggt svo að geðheilsuteymi verði starfandi í öllum landshlutum í lok árs 2019 og sálfræðingar á öllum heilsugæslustöðvum, fangelsum, grunn- og framhaldsskólum.

24.2 Sérfræðipjónusta og hjúkrun

Greiðslupátttaka í heilbrigðisþjónustu

Í stjórnarsáttmála segir: „Ríkisstjórnin ætlar að draga úr greiðslupátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu og gera það gagnsærra og skilvirkara. Þar þarf að meta árangur núverandi kerfis með hliðsjón af veikasta fólkinu og skoða þá þætti sem eru ekki hluti af því, t.d. ferða- og upphaldskostnað, tannlækningar og sálfræðipjónusta.“ Komið hefur í ljós að nýlegt greiðslupátttökukerfi er dýrara fyrir suma sjúklingahópa en áætlað var og þá vantar mikið upp á að hlutdeild sjúklinga sé á pari við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndunum. Í nýja kerfinu greiða lífeyrisþegar 2/3 af kostnaði almennra notenda heilbrigðisþjónustunnar, en hlutfallið var 30-50% í fyrra kerfi. Það er ekki í samræmi við yfirlýst markmið kerfisins að draga út kostnaði þeirra sem mest nota heilbrigðisþjónustu. Í fjárlagafrumvarpi 2019 hækka framlög um 400 m. kr. til að draga úr greiðslupátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Það er stutt skref í átt að markmiðinu.

Tillögur að breytingum:

- 400 m. kr. framlag á fjárlögum verði nýtt til að lækka hlutdeild lífeyrisþega í greiðslupátttökukerfinu úr 2/3 í 1/3 af kostnaði almennra notenda.
- Ferða- og upphaldskostnaður, tannlækningar, sálfræðipjónusta verði þegar sett undir þak greiðslupátttöku í heilbrigðisþjónustu.

Tannlækningar

Á fjárlögum ársins 2018 var lagt til 500 m.kr framlag til að mæta kostnaði við nýjan samning um tannlæknaþjónustu við örorku- og ellilífeyrisþega, en gjaldskrá endurgreiðslu hafði ekki hækkað frá árinu 2014. Gert var ráð fyrir að samningurinn myndi taka gildi um mitt árið en að kostnaður við að uppfylla hann yrði 1. ma. kr. á ári.

Nýr samningur tók gildi 1. september 2018, en þá var ljóst að áætlaður kostnaður hafði verið mjög vanreiknaður og endurgreiðslur ná ekki 75% af gjaldskrá samningsins, heldur aðeins 50%. Það vantar hátt í 1. ma. kr. á ári til að fullfjármagna samninginn. Í bókun áskilur Tannlæknafélags Íslands (TFÍ) sér rétt að rifta samningnum hafi greiðslupátttaka Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) ekki verið aukin í 75% af gjaldskrá samningsins fyrir 1. september 2019. Því vekur það ugg að ekki eru skýr merki um frekari hækkun í fjárlagafrumvarpi 2019 miðað við fyrri áætlanir. Framlög til málaflokksins hækka um 500 m.kr., en hefðu þurft að hækka um 800 m.kr. á árinu, miðað við fulla fjármögnun frá 1. september.

Tillögur að breytingum:

- Samningur um tannlæknþjónustu við örorku- og lífeyrisþega verði fullfjármagnaður á árinu 2019.
- Tannlæknþjónusta verði felld undir þak greiðslupátttöku í heilbrigðisþjónustu.

24.3 Sjúkrþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun

Ljóst er að kostnaður sem hefur fylgt því að setja læknisfræðilega endurhæfingu inn í greiðslupátttökukerfið kom yfirvöldum í opna skjöldu. Það átti ekki að koma neinum á óvart. Fólk sá sér ekki fært að nýta þessa nauðsynlegu þjónustu vegna kostnaðar en sér það frekar nú. Aukningin er ekki síst hjá fólki á vinnumarkaði sem á á hættu að fara á örorku vegna stoðkerfisbrests, njóti það ekki þessarar þjónustu. Af gögnum frá Tryggingastofnun Íslands að dæma hefur bætt aðgengi fólks að þjálfun þegar skilað sér, en talsverð fækkun á hefur orðið á undanförunum tveim árum á nýgengi örorkulífeyrisþega meðal fólks með stoðkerfissjúkdóma.

Tafla 1

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Mannfjöldi 18-66 ára 1. janúar	204.152	204.912	206.097	208.621	210.796	213.357	217.733	225.794
Nýgengi 75% örorkumats (allt árið)	1.162	1.272	1.254	1.233	1.469	1.790	1.503	1.268
Hlutfall nýgengis m.v. mannfjölda	0,57%	0,62%	0,61%	0,59%	0,70%	0,84%	0,69%	0,56%
þ.a.Stoðkerfissjúkdómur (1. greining)	400	422	416	405	469	515	389	273
Hlutfall stoðkerfissjúkdóma af nýgengi	34,40%	33,20%	33,20%	32,80%	31,90%	28,80%	25,90%	21,50%

Skráning miðast við 22.10.2108

Í ljósi þessa er veruleg raunlækkun á framlögum til læknisfræðilegrar endurhæfingar ekki skynsamleg 2019. En framlög til þjálfunar á fjárlögum 2019 lækka frá áætlun í fjárlögum ársins 2018.

Tillögur að breytingum:

- Framlög til þjálfunar verði ekki skert frá fyrri áætlunum.

26 Lyf og lækningavörur

26.1 Lyf

Kostnaður sjúklinga vegna lyfjakaupa er afar mikill, enda eru lyf dýr auk þess sem þau eru í efra virðisaukaskattþrepi. Alþjóða heilbrigðismálastofnunin hefur ráðlagt að haldið sé aftur af opinberri gjaldtöku vegna lyfja. Æskilegt væri að fara að dæmi Svía og fella niður virðisaukaskatt á lyfseðilsskyldum lyfjum. Þá þarf strax að fella ýmsa lyfjaflokka undir greiðsluþátttöku lyfja, svo sem sýklalyf, róandi og kvíðastillandi lyf, stinningarlyf og hjálpartæki fyrir sykursjúka.

Tillögur að breytingum:

- Virðisaukaskattur af lyfseðilsskyldum lyfjum verði afdnuminn.
- Gert sé ráð fyrir í lyfjastefnu og fjármálaáætlun að innleiðing nýrra nauðsynlegra lyfja verði fjármögnuð svo að við stöndum jafnfætis hinum norðurlandþjóðunum á tímabilinu.

- Lyfjaflokkar sem ekki falla undir greiðslupátttöku lyfja verði þegar færðir inn í greiðslupátttökukerfið.

26.3 Hjálpartæki

Á Íslandi er lagður 24% virðisaukaskattur á hjálpartæki. Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) ýmist greiða að fullu eða taka þátt í kaupum á nauðsynlegum hjálpartækjum, skv. reglugerð. Þrátt fyrir það getur kostnaður vegna hjálpartækja verið mikill og úthlutun mætir ekki þörfum notenda. Fjöldi hjálpartækja er ekki niðurgreiddur og hefur þeim fjölgað frá hruni, þegar hið opinbera lagði í mikinn niðurskurð í heilbrigðisþjónustu.

Sú þrönga skilgreining sem liggur úthlutun SÍ til grundvallar kemur í veg fyrir að fólk með skerta færni fái þau hjálpartæki sem það þarf til að auðvelda því athafnir daglegs lífs og að takast á við umhverfi sitt. Til athafna daglegs lífs heyrir ekki aðeins það sem fellur undir þrönga skilgreiningu um nauðsyn, heldur einnig líkamsrækt og þjálfun, félagslíf og áhugamál, auk þess að geta stundað nám og vinnu. Hjálpartæki eiga að auka virkni einstaklingsins og ef ákvæði löggjafarinnar verða ekki útvíkkuð verður tómt mál að tala um sjálfstætt líf og fulla þátttöku í samfélaginu.

Það er óraunhæft að gera áætlanir um aukna atvinnupátttöku fatlaðs fólks án þess að tryggja því viðeigandi aðlögun á vinnustað, þ.á.m. þau hjálpartæki sem til þarf. Samkvæmt reglugerð taka hvorki ríki né sveitarfélög þátt í þeim kostnaði sem fellur á tilvonandi vinnuveitendur, t.d. vegna hjálpartækja, sem getur hamlað ráðningu.

Ennfremur er aðgengi að iðjupjálfum lítið en það væri augljós hagur af því að fjölga iðjupjálfum í teymum á heilsugæslunni sem fengju heimild til að ávísa beint hjálpartækjum fyrir fólk með hliðsjón af þörf frekar en sjúkdómsgreiningu.

Það er nauðsynlegt að móta heildstæða stefnu í hjálpartækjamálum og endurskoða löggjöfina út frá ákvæðum SRFF. Kostnaður fyrir þennan lið hefur verið vanáætlaður síðustu ár og því er ljóst að þörf er á viðbótarfjármagni í málaflokkinn.

Tillögur að breytingum:

- Frá janúar 2019 verði virðisaukaskattur af hjálpartækjum fyrir fatlað fólk og aldraða afnuminn.

- Framlög til málaflokksins verði stóraukin í fjárlögum ársins 2019 til að mæta þeirri þörf sem uppi er vegna lýðfræðilegra breytinga, þ.e. fjölgunar og öldrunar þjóðarinnar.
- Framlög verði augin við heilsugæsluna til að fjölga iðjuþjálfum.
- Tryggja þarf að reglur um hjálpartæki verði í samræmi við SRFF og því verður að fara fram heildræn endurskoðun á stefnumótun í málaflokki.

27. Örorka og málefni fatlaðs fólks

Samkvæmt frumvarpinu er heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2019 áætluð 610,3 m.kr. og hækkar um 44,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Þessi kafli frumvarpsins er með öllu óskýr og óljóst hvernig og í hvað fjármunum verður varið. Þá lítur það þannig út að tekið verði fjármagn úr málaflokki til þess að setja í nýja ráðuneytisstofnun sem annast verkefni á sviði stjórnýslu og eftirlits með félagsþjónustu sem veitt er af hálfu sveitarfélaga og opinberra stofnana, sbr. b. lið 27.3 kafla. Markmið kaflans eru þó nokkuð mörg og því nokkuð ljóst að endurskoða þarf það fjármagn sem áætlað er í málaflokkinn.

Tillaga um breytingu:

- Kafliinn verði endurskoðaður að öllu leyti með tilliti til fjármagns og aðgerða.

27.1 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir

Í fjárlagafrumvarpi 2019 leggur fjármálaráðuneytið fram nýja túlkun á ákvæði 69. gr. almannatryggingalaga. Á bls. 126 í frumvarpinu segir um bætur almannatrygginga: „*Hækkun bótanna tekur mið af spá Hagstofu Íslands um þróun vísitölu neysluverðs að viðbætti 0,5% kaupmáttaraukningu. Það er sama forsenda og gildir um launahækkanir í frumvarpinu ...*“

Það er rangt að það sé sama forsenda og gildir um launahækkanir í frumvarpinu. Frumvarpið byggir eins og fjárlagafrumvörp hingað til á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands en samkvæmt henni er áætluð hækkun launavísitölu 6,0% og má sjá þá forsendu fjárlagafrumvarpsins m.a. á bls. 110 í frumvarpinu þar sem kemur skýrt fram að gert er ráð fyrir 6% nafnhækkun launa: „*Þá er gert ráð fyrir að nafnlaun hækki um 6% á*

næsta ári...“ Þá kemur einnig fram að gert er ráð fyrir því að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann vaxi um 2,7%. Þrátt fyrir þetta leggur fjármálaráðherra til við Alþingi að það samþykki 0,5% kaupmáttaraukningu lífeyrisþega, að því gefnu að verðbólga fari ekki yfir 2,9%.

Lög um almannatryggingar nr. 100/2007

69. gr. Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Ákvæði 69. gr. laga um almannatryggingar var lögfest með 10. gr. laga nr. 130/1997. Í greinargerð með frumvarpinu segir í skýringum við ákvæðið: „Jafnframt er eðlilegt að fjárhæð bótanna verði ákveðin á fjárlögum hverju sinni, enda byggist viðmiðun þeirra á sömu forsendum og fjárlög um almenna þróun launa og verðlags á fjárlagaárinu.“


Þegar litið er til þess að líkt og venja hefur verið hækka atvinnuleysisbætur um sömu prósentutölu og lífeyri almannatrygginga vakna ennfremur upp spurningar um það hvenær sú 19% hækkun sem varð á atvinnuleysisbótum 1. maí 2018 eigi að rata til lífeyrisþega. Fram til 1. maí sl. voru atvinnuleysisbætur u.þ.b. 10.000 kr. lægri en lífeyrir almannatrygginga eða 227.417. Þann 1. maí hækkuðu lágmarks atvinnuleysisbætur hins vegar í 270.000 kr. án þess að lífeyrir almannatrygginga hækkaði. Þykir það skjóta skökku við að lágmarksatvinnuleysisbætur, sem hugsaðar eru sem skammtímaúrræði, séu umtalsvert hærri en lífeyrir almannatrygginga sem hugsaður er sem langtímaúrræði fyrir einstaklinga sem margir hverjir eiga ekki nokkurn kost á bæta hag sinn. Ákvæði 69. gr. laga um almannatryggingar var lögfest með 10. gr. laga nr. 130/1997. Í greinargerð með frumvarpinu segir í skýringum við ákvæðið: „Jafnframt er eðlilegt að fjárhæð bótanna verði ákveðin á fjárlögum hverju sinni, **enda byggist viðmiðun þeirra á sömu forsendum og fjárlög um almenna þróun launa og verðlags á fjárlagaárinu.**“

Með tillögu sinni er fjármálaráðherra því að leggja til við Alþingi að lög um almannatryggingar verði brotin við afgreiðslu fjárlaga.

Óskertur lífeyri almannatrygginga hækki verulega


ÖBÍ hefur lagt áherslu á verulega hækkun óskerts lífeyris almannatrygginga (framfærsluviðmið án heimilisuppbótar), sbr. ályktun aðalfundar ÖBÍ frá 5. - 6. október 2018. Áhersla á hækkun lífeyris almannatrygginga í lágmark 413 þús. kr. á mánuði fyrir skatt er ekki mikil í ljósi þess hvað kostar að framfleyta sér í íslensku samfélagi. Örorkulífeyrisþegar hafa oft en ekki mikinn viðbótarkostnað vegna fötlunar sinnar og/eða sjúkdóma auk þess sem um er að ræða framfærslu fólks áratugum saman. Örorkulífeyrir hefur dregist mikið aftur úr eins og sjá má á mynd 1 hérna fyrir neðan.

Mynd 1




Einungis 29% örorkulífeyrisþega fá greidda heimilisuppbót, skerta eða óskerta.

Mynd 2



Athygli vekur að samanlögð hækkun óskerts lífeyris almannatrygginga er einungis 16% af hækkun þingfarakaups á sama tímabili. Sjá mynd 2.

Mynd 3



Síðasta súlan sýnir fjárhæðir á mánuði eftir hækkun atvinnuleysisbóta 1.5. 2018.

Atvinnuleysisbætur eru í dag 31.406 kr. hærrí en óskertur lífeyrir almannatrygginga á mánuði. Atvinnuleysisbætur hækkuðu 1. maí sl. úr 227.417 kr. í 270.000 kr. eða um 42.583 kr. (19%). Við það varð sú breyting að í fyrsta sinn, a.m.k. í langan tíma, eru atvinnuleysisbætur hærrí en lífeyrir almannatrygginga. Er þá ekki verið að horfa til

tekjutengdu atvinnuleysisbótanna sem hækkuðu mun meira þann 1. maí sl. eða úr 358.516 kr. í 425.647 kr. eða um 67.131 kr. (19%).

Öryrkjabandalag Íslands fagnar hækkun atvinnuleysisbóta en saknar þess þó og þykir ámælisvert að prósentuhækkunir atvinnuleysisbóta og lífeyris almannatrygginga fylgjast ekki að líkt og venja er. Þá er það umhugsunarvert á hvaða vegferð ríkisstjórnin er, þegar svo augljóslega og freklega er gengið fram hjá lífeyrisþegum almannatrygginga.

Hækkun krónutöluskatta- og gjalda


Á nokkrum stöðum í frumvarpinu kemur fram að hækka eigi tiltekna liði um 2,5% í samræmi við verðbólguþolmið Seðlabanka Íslands. Slíkar hækkunir hafa mun meiri áhrif á tekjulága en þá sem meira hafa milli handanna.

Kaupmáttarþróun

Lífeyrir almannatrygginga hefur lítið hækkað síðustu ár. Kaupmáttur heildartekna örorkulífeyrisþega hefur því verið neikvæður megnið af tímabilinu og var aðeins 1% hærri árið 2015 en árið 2009, eins og sjá má á mynd 4. Örorkulífeyrisþegar eiga því mikið inni hjá ríkinu þar sem tekjur þeirra hafa dregist mikið aftur úr.

Samkvæmt frumvarpinu hefur kaupmáttur aukist um 25% á síðustu fjórum árum.¹ ÖBÍ fékk Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til að reikna út þróun kaupmáttar heildartekna örorkulífeyrisþega fyrir árin 2009 til 2018. Umrædd kaupmáttaraukning síðustu ára hefur ekki náð til örorkulífeyrisþega, eins og sjá má á mynd 4.

¹Frumvarp til fjárlaga 2019, bls. 83.



Meginþorri örorkulífeyrisþega tilheyrir hópi lágtekjufólks, en miðgildi heildartekna þeirra (fyrir skatt) var um 293 þús. kr. á mánuði árið 2017. Verulegur munur er á þróun kaupmáttar tekna örorkulífeyrisþega annars vegar og launafólks hins vegar, eins og sjá má á mynd 4. Kaupmáttaraukning örorkulífeyrisþega er langt frá því að vera 25% á síðustu fjórum árum hvort heldur horft er til óskerts lífeyris almannatrygginga eða miðgildis heildartekna örorkulífeyrisþega.² Öfugt við laun á vinnumarkaði hafa tekjur örorkulífeyrisþega rýrnað flest árin.

Ef litið er til kaupmáttarreiknivélar VR er ljóst að kaupmáttur lífeyrisþega hefur frá árinu 2013 hækkað mun minna en hjá öðrum þegnum landsins.³ Þannig má sjá að hjá hjónum/sambúðarfólki með eitt barn, þar sem bæði eru öryrkjar, hefur kaupmáttur aukist um 6,1% frá árinu 2013 til dagsins í dag á meðan kaupmáttarvísitalan hækkaði

² Með óskertum lífeyri almannatrygginga (framfærsluviðmið) er átt við heildarupphæð greiðslna til einstaklings sem hefur engar, eða lágar tekjur, annars staðar frá.

³ Kaupmáttarreiknivél VR. Slóð: <https://www.vr.is/reiknivelar/kaupmattarreiknivél/>

um 30,1% á sama tíma. Ef litið er til barnlauss einstaklings fyrir sama tímabil hefur kaupmáttur hans aukist um 8%.⁴

Víðtæk krafa og samstaða um afnám krónu á móti krónu skerðingar

ÖBÍ hefur um árábil barist fyrir afnámi sérstakrar framfærsluuppbotar, svokallaðri „króna á móti krónu“ skerðingu“ á greiðslum til lífeyrisþega. Ítrekað hefur verið lagt til að sérstaka framfærsluuppbotin verði felld inn í bótaflokkinn tekjutrygging. Gagnrýni ÖBÍ og annarra sem hafa kynnt sér málið snýst m.a. um að fjöldi örorkulífeyrisþega sjái ekki ávinning af því að hafa greitt í lífeyrissjóð af tekjum sínum. Þeir hafi ennfremur ekki ávinning af sparnaði og/eða af atvinnuþátttöku, en hér er átt við þá sem hafa mjög takmarkaða starfsgetu. Afnám krónu á móti krónu skerðingar myndi draga verulega úr tekjuskurðingum, auka ráðstöfunartekjur og um leið einfalda kerfið og gera það skiljanlegra.

Síðustu ár hefur verið samstaða á Alþingi um að afnema „króna á móti krónu“ skerðingu. Þessi 100% skerðing var afnumin við útreikning ellilífeyris í byrjun árs 2017. Hins vegar hafa örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar beðið í nærri tvö ár.

Fyrir utan það að flækja kerfið allverulega er „króna á móti krónu“ skerðingin fátæktargildra. Hún verður til þess að fólk getur ekki aukið ráðstöfunartekjur sínar þrátt fyrir að hafa tekjur annars staðar frá, s.s. með atvinnu-, lífeyrissjóðs-, eða fjármagnstekjum. Upphæðir skerðinga og skatta renna til baka til ríkissjóðs, eins og sjá má á *töflu 2*. Fólk er refsað fyrir þá viðleitni að reyna að bjarga sér, sbr. dæmin sem fylgdu áskorun ÖBÍ til þingmanna og fylgja með í viðauka 1.

Tafla 2

Dæmi um „króna á móti krónu“ skerðingu

	A án atvinnutekna	B með atvinnutekjur
Framfærsluviðmið	227.883	227.883
Atvinnutekjur	0	40.000
Skerðing	0	40.000
Staðgreiðsla	31.273	31.273
Til ráðstöfunar	196.610	196.610
Skerðing og skattur	31.273	71.273

⁴ Fylgiskjal 1

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2019 kemur ekki fram hvenær eigi að afnema þessar 100% skerðingar. Áætlað er að bæta við fjármagni undir „örorka og málefni fatlaðs fólks á árinu 2019“ að fjárhæð 4 ma. kr. vegna kerfisbreytingar á almannatryggingum til að bæta kjör öryrkja. Í samanburði kemur fram í svari félags- og jafnréttismálaráðherra frá ágúst 2017 að útgjöld ríkissjóðs við að afnema „krónu á móti krónu“ skerðingar vegna annarra tekna nemi tæpum 11,5 ma. kr. á ári. Allt að 4 ma. kr. viðbótarframlag dugar skammt til að taka út þær miklu tekjutengingar sem nú eru við útreikning örorkulífeyris og tengdra greiðslna. Minnt er á að stór hluti þessarar fjárhæðar rennur til baka til hins opinbera í formi útsvars, tekjuskatt og neysluskatta. Fyrirhugaðar breytingar á almannatryggingakerfinu verða að vera í fullu samræmi við ákvæði SRFF.

Tillaga um breytingu:

- Frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 (ásamt síðari breytingum) í þingskjali 54. - 54. mál verði að lögum.

Frítekjumörk

Í frumvarpi til fjárlaga 2019 er ekki að finna nein áform um að draga úr tekju-skerðingum á greiðslum til örorku- eða endurhæfingarlífeyrisþega. Frítekjumörk í lögum um almannatryggingar hafa verið óbreytt frá árinu 2009, en þau ættu að fylgja árlegum breytingum á sama hátt og lífeyrir skv. lögum um almannatryggingar. Ákvæði þess efnis þarf að koma inn í lögin.

Í umsögnum síðustu ára hefur ÖBÍ ítrekað mikilvægi þess að halda inni frítekjumarki vegna atvinnutekna örorkulífeyrisþega og lögfesta það. Frítekjumark á atvinnutekjur hvetur örorkulífeyrisþega sem hafa einhverja vinnufærni, til atvinnuþátttöku í því skyni að auka virkni sína og bæta kjör. Á meðan frítekjumarkið stendur í stað og laun á vinnumarkaði hækka, þá skila launahækkunir sér ekki til örorkulífeyrisþega. Ef frítekjumark vegna atvinnutekna hefði hækkað í samræmi við hækkun launavísitölu frá árinu 2009, væri frítekjumarkið komið yfir 200 þús kr. á mánuði í stað 109.600 kr.

Tillaga um breytingu:

- Frítekjumark vegna atvinnutekna örorkulífeyris verði hækkað í samræmi við hækkun launavísitölu frá árinu 2009.

27.20 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka

Reglugerðarákvæði kemur í veg fyrir að öllum lífeyrisþegum sé tryggð lágmarksfjárhæð til framfærslu

Ítrekað hefur verið lýst yfir miklum áhyggjum af stöðu lífeyrisþega sem búa við skertar greiðslur almannatrygginga vegna fyrri búsetu erlendis. Þeir þurfa því að reiða sig á heildartekjur sem eru langt undir öllum tekjuviðmiðum, þar með talið framfærsluviðmiðum skv. lögum um félagslega aðstoð. Á árinu 2017 voru 92 lífeyrisþegar með heildartekjur undir 80.000 kr. á mánuði.⁵ Hér er því um fámennan hóp fólks að ræða sem býr við mjög kröpp kjör og eru þessir einstaklingar því algjörlega upp á aðra komnir.

Lög nr. 99/2007, um félagslega aðstoð hafa meðal annars það hlutverk að tryggja að heildartekjur lífeyrisþega séu ekki undir ákveðnum skilgreindum framfærsluviðmiðum (óskertur lífeyrir). Sérstök framfærsluuppbót er greidd þegar tekjur eru undir framfærsluviðmiði til þess að heildartekjur nái framfærsluviðmiði. Framkvæmd ákvæðisins hefur þó verið með þeim hætti að sérstaka framfærsluuppbótin hefur verið skert á grundvelli fyrri búsetu erlendis með sama hætti og aðrir bótaflokkar, þvert gegn tilgangi þess. Búsetuskerðing sérstakrar framfærsluuppbótar byggir einungis á einu reglugerðarákvæði,⁶ sem auðvelt er að afnema. Lausnin er tæknilega einföld og fylgja lítil fjárútlát því að tryggja að þessir fáu einstaklingar séu ekki með heildartekjur undir framfærsluviðmiðinu.

⁵ Fjöldatölurnar má finna í svari félags- og húsnæðismálaráðherra við fyrirspurn um fjölda lífeyrisþega sem fá skertar greiðslur vegna búsetu erlendis. Þskj. 1167 – 580. Mál, dags. 28.6. 2018. Slóð:

<https://www.althingi.is/alttext/pdf/148/s/1167.pdf>

⁶ Reglugerð um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri nr. 1052/2009, 3. mgr. 15. gr.

Tillaga um breytingu:

- Lögfest verði regla um að allir, sem eiga rétt á sérstakri framfærsluuppbot, fái hana greidda án tillits til fyrri búsetu erlendis. Tryggja þarf fjármagn til að mæta þessari breytingu, sem mun nýtast lífeyrisþegum með lægstu heildartekjurnar.

Viðmið fyrir uppbætur á lífeyri

Í frumvarpi til fjárlaga er ekki ráðgert að hækka framlag fyrir frekari uppbætur skv. lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007. Tekjuviðmiðið var síðast hækkað í byrjun árs 2015. Þrátt fyrir ákvæði í 12. gr. reglugerðar nr. 1052/2009 um breytingu árlega hefur tekjuviðmiðið var óbreytt árum saman. Þetta hefur haft það í för með sér að sífellt fleiri lífeyrisþegar með mikinn aukakostnað vegna sjúkdóma eða fötlunar eru að fara á mis við uppbótina eins og sjá má á *töflu 3*. Lítilsháttar hækkun tekna hafði í för með sér að þeir misstu uppbótina.

Tafla 3

Fjöldi lífeyrisþega (elli- örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega) með uppbætur á lífeyri árin 2009 til 2018.

Ár	Ellilífeyrisþegar	Örorkulífeyrisþegar	Endurhæfingarlífeyrisþegar	Samtals
2009	2.477	1.622	83	4.182
2010	2.227	1.127	84	3.438
2011	1.779	1.105	67	2.951
2012	1.669	1.079	97	2.845
2013	1.474	1.014	120	2.608
2014	838	943	142	1.923
2015	800	1.084	238	2.122
2016	748	1.238	367	2.343
2017	594	1.107	380	2.081
2018*	499	837	269	1.605
	1.978 færri	785 færri	186 fleiri	2.577 færri
Breyting frá 2009 til 2018				

*Fjöldatölur fyrir árið 2018 miðast við keyrsludag, 25.10.2018

Samkvæmt 12. gr. reglugerðar nr. 1052/2009 um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri skulu uppbætur á lífeyri aldrei greiddar til lífeyrisþega sem á eignir í peningum eða verðbréfum yfir 4.000.000 kr. eða hefur heildartekjur yfir 2.700.840 kr. á ári (225.070 kr. á mánuði).

Tekjumörkin voru hækkuð lítillega úr kr. 2.383.800 í kr. 2.400.000 frá 1.1.2010, eða um kr. 1350 á mánuði. Frá 1.1.2010 til 1.1.2015 voru tekjumörkin óbreytt, en þá voru þau hækkuð í 2.700.840 kr. Engar breytingar hafa verið gerðar síðan. Eignamörkin hafa verið óbreytt frá byrjun árs 2010.


Brýn nauðsyn er að setja viðbótarfjármagn í þennan lið til að mæta hækkun tekju- og eignaviðmiða, en skv. 6. gr. reglugerðar nr. 1052/2009 segir að uppbætur þessar skuli taka breytingum á sama hátt og bætur og tekjumörk samkvæmt lögum um almannatryggingar. Ef tekju- og eignamörkin hefði hækkað í samræmi við hækkun lífeyris almannatrygginga frá árinu 2010, hefði tekjuviðmiðin verið 306.316 kr. í ársbyrjun 2018 og eignamörkin 6.126.329 kr.

Tillaga um breytingu:

- Fjármagn fyrir frekari uppbætur (fjárlagaliður 08-203-151) verði hækkað til að mæta hækkun tekjuviðmiðs í 6. gr. reglugerðar nr. 1052/2009 í samræmi við árlega hækkun lífeyris almannatrygginga frá árinu 2010.

Desember- og orlofsuppbætur

Desemberuppbót til lífeyrisþega hefur hækkað mun minna en hjá launafólki og atvinnulausum og er upphæðin mun lægri eins og sjá má á mynd 5.



Mikilvægt er að hafa í huga að einungis hluti lífeyrisþega fær desember- og orlofsuppbætur óskertar þar sem þær eru reiknaðar sem hlutfall af tekjutryggingu og heimilisuppbót, en einungis um 29% örorkulífeyrisþega fá greidda heimilisuppbót. Á mynd 5 er sýnt fram á desemberuppbót án heimilisuppbótar. Ef dæmi er tekið af desemberuppbót með heimilisuppbót þá er hún samt sem áður mun lægri en desemberuppbót hjá atvinnuleitanda. Lífeyrissjóðir greiða ekki orlofs- eða desemberuppbót. Hluti lífeyrisþega fær því enga eða mjög skerta desember- og orlofsuppbót.

Tillögur að breytingum:

- Desemberuppbót til lífeyrisþega verði hækkuð þannig að óskert desemberuppbót til lífeyrisþega (án heimilisuppbótar) verði að minnsta kosti 70 þús kr. árið 2019.
- Ákvæði um orlofsuppbót lífeyrisþega verði endurskoðað og hækkað í samræmi við upphæð orlofsuppbótar í samningi SA og ASÍ.

Skattleysi uppbóta á lífeyri

Hinn 12. júní 2018 var samþykkt tillaga til þingsályktunar um skattleysi uppbóta á lífeyri ujm að fela fjármála- og efnahagsráðherra að leggja fram lagafrumvarp, eigi síðar en 1. nóvember 2018, sem leysi undan skattskyldu uppbætur á lífeyri samkvæmt lögum

um félagslega aðstoð, nr. 99/2007. Frumvarp þetta hefur enn ekki komið fram. Ekki er ljóst af fjárlögum hvort gert hafi verið ráð fyrir fjármagni vegna þessara fyrirhugaðra breytinga.

27.3 Málefni fatlaðs fólks

Sveitarfélög og byggðamál - Sjálfstætt líf

Réttur til sjálfstæðs lífs fatlaðs fólks er tryggður með 19. gr. SRFF. Sjálfstætt líf er best tryggt með notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA). NPA hefur verið bylting fyrir fatlað fólk. Afleiðing tafa löggjafans á lögfestingu NPA hefur verið sú að fötluðu fólk hefur ekki verið tryggður réttur til samfélagslegrar þátttöku eins og SRFF kveður á um. Fötluðu fólk er m.ö.o. mismunað. Þeim sem ekki fá þjónustuna er haldið eins og fongum heima hjá sér og geta ekki lifað sjálfstæðu lífi.

Réttur fatlaðs fólks til NPA var lögfestur með lögum nr. 38/2018. Í bráðabirgðaákvæði við lögjin kemur fram samningum verður fjölgað til ársins 2021. Með þessu er ríkisvaldið að gera tilraun til þess að kvótasetja mannréttindi. Íslenska ríkið verður að fara að taka skuldbindingu sína samkvæmt SRFF alvarlega, sem er m.a. að tryggja sjálfstætt líf alls fatlaðs fólks. Með frumvarpi að fjárlögum er verið að leggja til að halda fólk áfram í stofufangelsi.

Tillaga um breytingu:

- Fjármögnun fyrir 172 samninga verði tryggð eða að viðbótar 150 milljónum verði úthlutað til að tryggja réttindi allra þeirra sem sótt hafa um NPA á árinu, og munu sækja um NPA á næsta ári. Í kjölfarið verði bráðabirgðaákvæði (nr. i) í lögum nr. 38/2018 lagt af.

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF)

Tillaga um breytingu:

- Lagt er til að unnið verði áfram að efnislegri innleiðingu SRFF með markvissum hætti. Í aðgerð nr. 4.2 segir að SRFF „verði innleiddur með áherslu á markmiðið um að þjónustan byggist á hugmyndafræði um sjálfstætt líf.“ **Innleiðing SRFF á**

ekki einungis að einskorðast við hugmyndfræðina um sjálfstætt líf heldur með þeim hætti að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og grundvallarfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi vegna fötlunar. Þá er vert að ítreka það að til fatlaðs fólks teljast þeir sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra.

Fjármagn á ekki að standa í vegi fyrir því að samningurinn verði lögfestur.

Valfrjáls viðauki við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Þegar SRFF var fullgiltur 20. september 2016 lagði Alþingi jafnframt fram þingsályktunartillögu þess efnis að fullgilda valfrjálsan viðauka (e. optional protocol) við samninginn og var þingsályktunartillagan samþykkt samhljóða. Ekki er að sjá í frumvarpinu að gert sé ráð fyrir fjármagni í fullgildingunni valfrjálsa viðaukans.

Tillögur að breytingum:

- Fjármagn til fullgildingar valfrjálsa viðaukans verði tryggt.
- Þingsályktunartillaga um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem liggur núna fyrir á Alþingi verði samþykkt.

27.5 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Víxlverkunin milli örorkugreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða

Í frumvarpinu er lagt til að framlengja bráðabirgðaákvæði til að koma í veg fyrir víxlverkun milli örorkugreiðslna frá almannatryggingum annars vegar og frá lífeyrissjóðum hins vegar. Á meðan ekki hefur verið fundin framtíðarlausn á þessum vanda, er slíkt bráðabirgðaákvæði nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að lífeyrissjóðsgreiðslur til örorkulífeyrisþega lækki enn frekar eða falli jafnvel niður. Allt frá árinu 2009 hefur

ÖBÍ lagt áherslu á að fundin verði framtíðarlausn á vandanum, lausn sem ver hagsmuni allra örorkulífeyrisþega.

Tillaga um breytingu:

- Alþingi setji lög til að koma í veg fyrir að lífeyrissjóðir skerði greiðslur til örorkulífeyrisþega með hliðsjón af tekjum frá TR.

30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi

30.1 Vinnumál og atvinnuleysi

Nauðsynlegt er að skapaðar verði aðstæður þar sem einstaklingar með skerta starfsgetu verði hluti af hinum almenna vinnumarkaði. Einstaklingar með skerta starfsgetu hafa oft litla möguleika á að komast út á vinnumarkaðinn þar sem framboð af hlutastörfum og störfum þar sem viðeigandi aðlögun er í boði er mjög takmarkað.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu á að hefja átak við að finna störf fyrir fólk með skerta starfsgetu. Það er fagnaðarefni og í takt við stjórnarsáttmálann þar kemur fram að hið opinbera ætli að skipuleggja framboð hlutastarfa. Nauðsynlegt er að þau hlutastörf sem hið opinbera ætlar að ráða í og þau störf sem átakið á að skila séu þverskurður af störfum í samfélaginu. Hafa verður í huga að fólk með skerta starfsgetu er eins ólíkt og það er margt og það er grundvallaratriði að fólk fái störf við hæfi þar sem hæfileikar, menntun, reynsla og styrkleikar þess nýtast sem best. Vinnusamningar öryrkja geta í vissum tilvikum aukið atvinnumöguleika fólks með skerta starfsgetu. Skerðingar TR eru þó það miklar í sumum tilvikum að fólk sér ekki hag í því að fara út á vinnumarkað. Laun með aukagreiðslum mega ekki fara yfir 394.066 kr. á mánuði en þá fellur vinnusamningur öryrkja úr gildi. Dæmi eru um það að fólk hafi misst starf sitt þegar endurgreiðsluhlutfall lækkar og að launakjörum fólks sé haldið niðri til að koma í veg fyrir að samningurinn falli úr gildi.

Tryggja þarf að fjárframlög til málaflokksins séu í samræmi við markmið hans. Það skýtur skökku við að þrátt fyrir fjármagn til vinnusamninga sé aukið lítillega nægi það ekki til að standa undir núverandi samningum og að til standi að skerða fjármagn

töluvert á komandi árum. Ekki er að sjá að fjármagn verði sett í að tryggja viðeigandi aðlögun fólks á vinnumarkaði.

Tillögur að breytingum:

- Stofnaður verði sjóður sem atvinnurekendur geti fengið greitt úr ef kostnaður hlýst af viðeigandi aðlögun.
- Farið verði í algera endurskoðun á reglugerð nt. 159/1995 um öryrkjavinnu.
- Innleitt verði hvatningakerfi fyrir fyrirtæki og stofnanir til að auka starfsmöguleika fólks með skerta starfsgetu.

31 Húsnæðisstuðningur

31.1 Húsnæðisstuðningur

Undir húsnæðisstuðning falla húsnæðisbætur til leigjenda og vaxtabætur til kaupenda. Í umsögn ÖBÍ um frumvarp um ýmsar forsendur fjárlaga er kafli um vaxtabætur.⁷

Húsnæðisbætur

Í lögum nr. 75/2016 um húsnæðisbætur kemur fram að fjárhæðir frítekjumarka skv. 1. mgr. 17. gr. og fjárhæð eignamarka skv. 1. mgr. 18. gr. koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Ekki er að sjá að gert sé ráð fyrir fjármagni til hækkunar á grunnfjárhæða húsnæðisbóta eða frítekjumarka sem þýðir að stuðningur við leigjendur mun dragast saman að raunvirði og fækka mun í hópi þeirra sem rétt eiga á stuðningi. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlög til húsnæðisbóta fari lækkandi til ársins 2021, sbr. áætlun í fylgiriti með frumvarpinu.

Frá upphafi ársins 2011 fram í ágúst 2018 hækkaði leiguverð um 91%, ef miðað er við þróun vísitölu leiguverðs, sem sýnir þróun leiguverðs í þinglýstum leigusamningum á

⁷ 2018, 26. október. Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2019. Þingskjal 2-2. mál. Slóð: <https://www.althingi.is/alttext/erindi/149/149-310.pdf>

höfuðborgarsvæðinu.⁸ Frá janúar síðast liðnum er hækkunin um 7%. Því er algjör nauðsyn að hækka viðmið fyrir húsnæðisstuðning (grunnfjárhæðir og tekju- og eignamörk) í byrjun næsta árs.

Tillaga um breytingu:

- Grunnfjárhæðir auk tekju- og eignaviðmiða hækki að lágmarki í samræmi við vísitölu leiguverðs á árinu.

⁸ Staða og þróun húsnæðismála. Húsnæðisþing 2018. Skýrsla Íbúðalánasjóðs og Velferðarráðuneytisins, bls. 15.

Lokaorð

Það er ósk ÖBÍ að tekið verði tillit til tillagna bandalagsins við gerð fjárlaga og/eða fjáráukalaga.

Þingmenn eru hvattir til að skoða þau mál sem til umfjöllunar eru á Alþingi hverju sinni með tilliti til SRFF. Verja þarf mannréttindi fatlaðs fólks sérstaklega og er lögfesting SRFF því mjög mikilvæg. Hugsanleg lausn á bágborinni framfylgd réttinda yrði stofnun embættis Umboðsmanns fatlaðs fólks sem yrði svipað uppbyggt og í Noregi.


Mikilvægt er að heildarsamtök fatlaðs fólks eigi aðkomu að nefndum og ráðum á vegum allra ráðuneyta, þannig verður að horfa til jafnréttis fatlaðs fólks við skipanir í slíkar nefndir ásamt því að horfa til kynjajafnréttis.

Við hvetjum þingmenn til að leita til ÖBÍ ef málefni þarfnast frekari útskýringa enda erum við ávallt reiðubúin til ráðgjafar og samstarfs.

Virðum mannréttindi og höfum velferð og mannúð að leiðarljósi í störfum okkar, byggjum betra samfélagið fyrir alla.

Ekkert um okkur án okkar.

Virðingarfyllst



Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ

Samantekt á tillögum ÖBÍ til breytinga á fjárlögum 2019

4.4 Þróunarsamvinna

- Nægilegu fjármagni verði veitt til Þróunarsamvinnustofnunar svo markmið SRFÍ verði höfð að leiðarljósi í þeirri þróunarsamvinnu sem Ísland er aðili að.

20.1 Framhaldsskólar

- Fjármagn í stoðþjónustu nemenda verði aukið, framboð í námsgögnum verði bætt auk þess að ábyrgjast kennslu við hæfi með það að leiðarljósi að tryggja jafnt aðgengi að námi og jafnrétti til náms.

22.10 Leikskóla- og grunnskólastig

- Yfirvöld auki fjármagn verulega í þennan málaflokk til að tryggja að fatlaðir nemendur og nemendur með sérþarfir fái kennslu, stuðning og námsefni við hæfi og geti náð árangri í námi í umhverfi án nokkurrar aðgreiningar.
- Framlag til SHH verði aukið til muna til að hægt sé í raun að efla og þróa útgáfu námsefnis og veita nemendum sem nota táknaál þá menntun sem þeir eiga lögum samkvæmt rétt á.

22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig

- Framlag til SHH verði aukið verulega svo tryggt sé að allir sem þess þurfi fái félagslega túlkun og rittúlkun og geti lifað sjálfstæðu lífi og eflt samfélagsþátttöku sína.
- Fjármagn verði aukið verulega til Fjölmennar til að stuðla að auknum og fjölbreyttari námsúrræðum fatlaðs fólks.

24.1 Heilsugæsla

- Sálfræðiþjónusta verði felld undir þak greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustu.
- Fjármagn verði tryggt svo að geðheilsuteymi verði starfandi í öllum landshlutum í lok árs 2019 og sálfræðingar á öllum heilsugæslustöðvum, fangelsum, grunn- og framhaldsskólum.

24.2 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun

- 400 m. kr. framlag á fjárlögum verði nýtt til að lækka hlutdeild lífeyrisþega í greiðsluþátttökukerfinu úr 2/3 í 1/3 af kostnaði almennra notenda.
- Ferða- og upphaldskostnaður, tannlækningar, sálfræðiþjónusta verði þegar sett undir þak greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustu.
- Samningur um tannlæknaþjónustu við örorku- og lífeyrisþega verði fullfjármagnaður á árinu 2019.

- Tannlæknaþjónusta verði felld undir þak greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustu.

24.3 Sjúkrþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun

- Framlög til þjálfunar verði ekki skert frá fyrri áætlunum.

26.1 Lyf

- Virðisaukaskattur af lyfseðilsskyldum lyfjum verði afnuminn.
- Gert sé ráð fyrir í lyfjastefnu og fjármálaáætlun að innleiðing nýrra nauðsynlegra lyfja verði fjármögnuð svo að við stöndum jafnfætis hinum norðurlandþjóðunum á tímabilinu.
- Lyfjaflokkar sem ekki falla undir greiðsluþátttöku lyfja verði þegar færðir inn í greiðsluþátttökukerfið.

26.3 Hjálpartæki

- Frá janúar 2019 verði virðisaukaskattur af hjálpartækjum fyrir fatlað fólk og aldraða afnuminn.
- Framlög til málaflöksins verði stóraukin í fjárlögum ársins 2019 til að mæta þeirri þörf sem uppi er vegna lýðfræðilegra breytinga, þ.e. fjölgunar og öldrunar þjóðarinnar.
- Framlög verði aukin við heilsugæsluna til að fjölga iðjuþjálfum.
- Tryggja þarf að reglur um hjálpartæki verði í samræmi við SRFF og því verður að fara fram heildræn endurskoðun á stefnumótun í málaflöknum.

27. Örorka og málefni fatlaðs fólks

- Kaffinn verði endurskoðaður að öllu leyti með tilliti til fjármagns og aðgerða.

27.1 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir

- Frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 (ásamt síðari breytingum) í þingskjali 54. - 54. mál verði að lögum.
- Frítækjumark vegna atvinnutekna örorkulífeyris verði hækkað í samræmi við hækkun launavísitölu frá árinu 2009.

27.20 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka

- Lögfest verði regla um að allir, sem eiga rétt á sérstakri framfærsluuppbót, fái hana greidda án tillits til fyrri búsetu erlendis. Tryggja þarf fjármagn til að mæta þessari breytingu, sem mun nýtast lífeyrisþegum með lægstu heildartekjurnar.
- Fjármagn fyrir frekari uppbætur (fjárlagaliður 08-203-151) verði hækkað til að mæta hækkun tekjuviðmiðs í 6. gr. reglugerðar nr. 1052/2009 í samræmi við árlega hækkun lífeyris almannatrygginga frá árinu 2010.
- Desemberuppbót til lífeyrisþega verði hækkuð þannig að óskert desemberuppbót til lífeyrisþega (án heimilisuppbótar) verði að minnsta kosti 70 þús kr. árið 2019.

- Ákvæði um orlofsuppbót lífeyrispega verði endurskoðað og hækkað í samræmi við upphæð orlofsuppbótar í samningi SA og ASÍ.

27.3 Málefni fatlaðs fólks

- Fjármögnun fyrir 172 samninga verði tryggð eða að viðbótar 150 milljónum verði úthlutað til að tryggja réttindi allra þeirra sem sótt hafa um NPA á árinu, og munu sækja um NPA á næsta ári. Í kjölfarið verði bráðabirgðaákvæði (nr. i) í lögum nr. 38/2018 lagt af.
- Lagt er til að unnið verði áfram að efnislegri innleiðingu SRFF með markvissum hætti. Í aðgerð nr. 4.2 segir að SRFF „verði innleiddur með áherslu á markmiðið um að þjónustan byggist á hugmyndafræði um sjálfstætt líf.“ Innleiðing SRFF á ekki einungis að einskorðast við hugmyndafræðina um sjálfstætt líf heldur með þeim hætti að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og grundvallarfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi vegna fötlunar. Þá er vert að ítreka það að til fatlaðs fólks teljast þeir sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra.
- **SRFF.** Fjármagn til fullgildingar valfrjálsa viðaukans verði tryggt.
- Þingsályktunartillaga um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem liggur núna fyrir á Alþingi verði samþykkt.

27.5 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

- Alþingi setji lög til að koma í veg fyrir að lífeyrissjóðir skerði greiðslur til örorkulífeyrispega með hliðsjón af tekjum frá TR.

30.1 Vinnumál og atvinnuleysi

- Stofnaður verði sjóður sem atvinnurekendur geti fengið greitt úr ef kostnaður hlýst af viðeigandi aðlögun.
- Farið verði í algera endurskoðun á reglugerð nt. 159/1995 um öryrkjavinnu.
- Innleitt verði hvatningakerfi fyrir fyrirtæki og stofnanir til að auka starfsmöguleika fólks með skerta starfsgetu.

31.1 Húsnæðisstuðningur


- Grunnfjárhæðir auk tekju- og eignaviðmiða hækki að lágmarki í samræmi við vísitölu leiguverðs á árinu.

Fylgiskjal 1 a)

Einstaklingur

11/8/2018

Kaupmáttarreiknivél - VR stéttarfélag



Highcharts.com

	2013	2018	Breyting	Breyting í %
Útborguð laun heimilis	173.927 kr.	233.408 kr.	59.481 kr.	34.2 %
Barnabætur	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 %
Húsnæðisbætur	19.700 kr.	32.460 kr.	12.760 kr.	64.8 %
Samtals tekjur	193.627 kr.	265.868 kr.	72.241 kr.	37.3 %
Húsaleiga	80.000 kr.	145.000 kr.	65.000 kr.	81.3 %
Heildartekjur e. gr. húsaleigu	113.627 kr.	120.868 kr.	7.241 kr.	6.4 %
Þín verðbólga				-1.5 %
Breyting á þínum kaupmætti	113.627 kr.	122.709 kr.	9.082 kr.	8 %
Hækkun kaupmáttarvísitölu á sama tíma				30.2 %


r

Fylgiskjal 1 b)

Hjón með 1 barn

11/8/2018

Kaupmáttarreiknivél - VR stéttarfélag



Highcharts.com

	2013	2018	Breyting	Breyting í %
Útborguð laun heimilis	313.176 kr.	393.328 kr.	80.152 kr.	25.6 %
Barnabætur	13.964 kr.	18.608 kr.	4.644 kr.	33.3 %
Húsnæðisbætur	21.557 kr.	50.261 kr.	28.704 kr.	133.2 %
Samtals tekjur	348.697 kr.	462.197 kr.	113.500 kr.	32.5 %
Húsaleiga	155.000 kr.	253.750 kr.	98.750 kr.	63.7 %
Heildartekjur e. gr. húsaleigu	193.697 kr.	208.447 kr.	14.750 kr.	7.6 %
Þín verðbólga				1.4 %
Breyting á þínum kaupmætti	193.697 kr.	205.569 kr.	11.872 kr.	6.1 %
Hækkun kaupmáttarvísitölu á sama tíma				30.2 %